

Ed.

450. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar. Leggur meiri hl. til, að málið verði samþykkt óbreytt, en minni hluti mun skila sérálitum.

Frv. þetta fjallar um stækkun álbræðslunnar við Straumsvík og að flýta framkvæmdum frá því, sem áður var ákveðið.

Augljóst er, hversu orkusala frá Búrfellsvirkjun til álbræðslunnar hefur gert virkjunarframkvæmdir hagkvæmari en ella. Sýnilegt er einnig, að þessi viðbótarsamningur við Swiss Aluminium Ltd. bætir rekstrarafkomu Landsvirkjunar á næstu árum og flýtir fyrir greiðslu hafnarframkvæmda í Straumsvík. Aukin atvinna við stækkunarframkvæmdir og framleiðslu áls ætti að vera nægilega mikil rök þess, auk orkusölu og framleiðslugjalds, að hér er um þjóðhagslega mikilvægt mál að ræða, sem allir hljóta að fagna.

Alþingi, 19. marz 1970.

Sveinn Guðmundsson,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.
Jónas G. Rafnar.

Auður Auðuns.